

23. nóvember 2011

Efni: Framkvæmd á vegbótum á Gatnabrún, Mýrdalshrepp.

Samgönguráð hefur sett á samgönguáætlun 2011-2022 framkvæmd á vegabótum á Gatnabrún í Mýrdal og vill SVP – Samtök verslunar og þjónustu, sem gæta hagsmuna fyrirtækja á sviði flutninga, lýsa yfir stuðningi sínum við þær fyrirhuguðu framkvæmdir.

Þær framkvæmdir eru löngu tímabærar en hafa ekki fengið brautargengi vegna andstöðu sveitarstjórnar Mýrdalshrepps. Sveitarstjórn Mýrdalshrepps vill færa veglínuna og með því megin markmiði að koma á skipulagið svokölluðum „láglandisvegi“ fyrir þjóðveg 1 sem lægi um Dyrhólahverfi, eftir bökkum Dyrhólaós, um Reynishverfi með göngum gegnum Reynisfjall og á bökkum Víkurfjörü. Sú veglína er ekki á aðalskipulagi né í tillögum samgönguráðs að samgönguáætlun 2011 – 2022 og engin vilyrði hafa verið gefin um framkvæmdina. Ljóst er að þarna er um kostnaðarmeiri framkvæmdir að ræða og í ljósi efnahagsástandsins er mikilvægara en oft áður að velja hagkvæmar lausnir til framkvæmda.

Samkvæmt 29. grein vegalaga nr. 80/2007 segir að ef þjóðvegi er að ósk sveitastjórnar valinn annar staður en Vegagerð ríkisins telur æskilegt og það leiðir til aukins kostnaðar er heimilt að krefja viðkomandi sveitarfélag um kostnaðarmun. Í því sambandi þarf að spyrja hvort sveitarfélagið hafi burði til að ráðast í slíkar framkvæmdir sem tækju vafalítið nokkur ár í framkvæmd. Í ljósi þessa er þá ekki heldur hægt að horfa fram hjá því að Gatnabrún yrði sú leið sem farin væri á meðan á framkvæmdum stæði. Því yrði hvort heldur er að fara í bráðabirgðaframkvæmdir áður en ráðist verður í gangagerð til að tryggja öryggi og greiðfærni til og frá Vík og um landið.


Í lögum um samgönguáætlun nr. 32/2008 segir að við gerð samgönguáætlunar skuli m.a. byggja á því meginmarkmiði að samgöngur séu hagkvæmar, við gerð samgönguáætlunar skuli jafnframt taka mið af markmiði um að ná fram **samræmdri forgangsröð og stefnumótun og hagkvæmri notkun fjármagns** og mannafla. Samgönguáætlun á því samkvæmt lögum að stuðla að hagkvæmni í samgöngum bæði fyrir notendur samgöngukerfisins og rekstrar- og uppbyggingaraðila þess.

Ennfremur segir að við uppbyggingu samgöngukerfisins þarf verklag að vera með þeim hætti að tryggt sé að ávallt sé leitað **hagkvæmustu lausna** til að ná markmiðum með uppbyggingunni.

Það er afstaða flutningasviðs SVP að vegstæði þjóðveggar númer eitt geti ekki verið og eigi ekki að vera einkamál einstakra sveitarfélaga og þurfi að hugsa um hagsmuni heildarinnar í því sambandi. Það er skylda Vegagerðar ríkisins að stuðla að öryggi á vegum landsins, og ættu vegfarendur síst að eiga von á að sveitastjórnir tefji framkvæmdaleyfi til vegabóta.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP – Samtök verslunar og þjónustu



Lisbet Einarsdóttir

Forstöðumaður flutninga- og fræðslumála SVP.

Samrit sent:

Skipulagsstofnun

Sveitastjórn Mýrdalshrepps

Umhverfis- og samgöngunefnd

Samgönguráð

Ögmundur Jónasson

Vegagerð ríkisins

Þingmenn og varaþingmenn Suðurlandskjördæmis